

Reykjavík, 23. febrúar 2011.

Kæri Jón Sigurðsson!

Ég er 14. ára stelpa frá Víetnam og ég flutti til Íslands árið 2005. Ég var nýlega að læra um þig í skólanum. Mér finnst þú vera mjög hugrakkur, mikill baráttumaður og ég er stolt af þér. Mig langar líka að segja þér hvað hefur breyst á 20. öld og ég ætla að gera það.

Eins og þú veist þá hafa kvenréttindi aukist og loks fengu konur kosningarétt árið 1915. Þótt þú hafir mótmælt þessu finnst mér kvenréttindi vera nauðsynleg. Ísland fékk fullt sjálfstæði árið 1944. Ó! Ég er viss um að þú ert mjög glaður að fá að vita þetta. Meira að segja þá er afmælisdagurinn þinn Þjóðhátíðardagur Íslendinga. Þá kemur fólk að skemmta sér í miðbænum og fagnar mjög mikið.

Menntun hefur líka breyst mjög mikið. Nú fá bæði strákar og stelpur að vera saman í skólanum og læra ýmislegt. Stelpurnar fá að læra jafn mikið og strákarnir. Krakkar geta unnið í unglingavinnu frá 14 til 16 ára. Þau mega ekki fá vinnu fyrir þennan aldur. Allt er öðruvísi en í gamladaga, þegar krakkarnir þurftu að vinna mikið á þessum aldri.

Já! Það er líka mikið af tækniþróun. Nú þarf fólk ekki að hafa áhyggjur af því að fara eitthvert langt ef það er slæmt veður. Þá fer fólk inn í það sem maður kallar „bill“ og keyrir á milli staða sem manni langar að fara á. Það má segja að bill sé „hestur“ nútímans. Þegar fólki langar að tala og hlusta á rödd frá hvort öðru en býr langt í burtu, þá getur maður hringt með tæki sem við köllum „síma“. Fyrst slær maður inn númer hjá ákveðinni manneskju og ýtir svo á „hringja“ takkann. Ótrúlega mikil tækniþróun hefur átt sér stað eins og til dæmis iPod (lítið tæki sem maður hlustar á tónlist), eldavél (vél sem hjálpar okkur að elda) og líka nýting jarðhita.

Ég vona að þér hafi fundist áhugavert að lesa bréfið mitt og að þú gleðjist yfir þeim framförum sem hafa átt sér stað á ýmsum sviðum íslensks samfélags frá því að þú varst uppi.

Virðingarfyllst
Quynh Phan
8. EKH.